

## Fundarboð

til fjáreigenda á suðurafrétt Fnjóskdæla

Efni fundarins er að ræða störf fjallskilastjóra vegna kvörtunar sem borist hefur til sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar frá Ástþóri Árnasyni í Fjósatungu um tilhögun gangna og uppgjör fjallskilasjóðs á þessu svæði.

Nú er fé komið á fjall og styttist í göngur, ekki nema 7-8 vikur til gangna.

Ég vil því óska að sem flestir sem hlut eiga að þessu máli,

bæði fjáreigendur og landeigendur á þessu svæði, geti mætt til fundar um þessi mál

**að Illugastöðum mánudaginn 22. júlí kl. 20:30.**

Fjallskilastjóri  
**Þórhallur Hermannsson**

## Skilatími í Hlaupastelpu

Kæru lesendur og auglýsendur

Nú er Hlaupastelpan gefin út *á fimmtudögum* og því rennur skilafrestur auglýsinga út á þriðjudögum

**kl. 15:00.**



ATH! Verð á auglýsingum  
Verð hálfsiðu er. kr.2900.-m.vsk  
Verð heilsíðu er kr.3990.- m.vsk

## Fornleifaskóli barnanna – námskeiðsdagar í júlí

**Mánudaginn 22. og þriðjudaginn 23. júlí** verður námskeið á vegum Fornleifaskóla barnanna fyrir börn á aldrinum **8-12 ára**, frá klukkan **13:00-16:00** báða dagana. Gert er ráð fyrir að verja fyrri deginum á uppgraftrarsvæði við Skútustaði í Mývatnssveit, en síðari deginum við Litlulaugaskóla í Reykjadal.

**Þriðjudaginn 23. júlí** verður námskeið fyrir unglinga á aldrinum **13-15 ára** og stendur það frá klukkan **8:00 - 12:00** og fer að mestu leyti fram við uppgraftrarsvæðið á Skútustöðum.

Mæting á planinu við Litlulaugaskóla.

Ekkert gjald er tekið fyrir námskeiðin en þátttakendur þurfa að hafa með sér nesti og hlýjan fatnað til útiveru.

Nánari upplýsingar um námskeiðin fást hjá Baldri

Daníelssyni í síma **846 8573** eða með því að senda tölvupóst á [aldur@ub.is](mailto:aldur@ub.is). Skráningarfrestur er til og með laugardeginum **20. júlí**.

## Opið hús og grillveisla

**Miðvikudagskvöldið 24. júlí** á milli klukkan **19:00 og 21:00** verða fornleifafræðingar sem í sumar stunda uppgröft á Skútustöðum í Mývatnssveit með opið hús í Litlulaugaskóla þar sem þeir hafa aðsetur. Til sýnis verða m.a. ýmsir gripir ásamt myndum af uppgræftrinum. Boðið verður upp á grillaðar pylsur og tilheyrandi meðlæti.

Allir hjartanlega velkomnir,  
Fornleifastofnun Íslands, Hið þingeyyska fornleifafélag og  
Fornleifaskóli barnanna.



## Skottsala

verður á planinu við Verslunina í Vaglaskógi  
sunnudaginn 21. júlí frá kl. 11-16.

Grillaðar Goðapylsur og coke á tilboði og  
glaðningur frá Goða fyrir börnin. Við hvetjum sem flesta til að  
koma og selja. Söluaðilar mega gjarnan láta vita af komu sinni á  
facebook síðu Skógarsjoppunnar eða í síma 866-8489 en það kostar  
ekkert að vera með.

Það er tilvalið að fá sér pylsu og coke eða ís í sjoppunni og kíkja á  
gersemarnar í skottunum.

Sjáumst í skóginum  
Sindri og Steinhórn



Sundlaug og grill kl. 11:00 - 22:00

Afgreiðslan opin til 24:00  
Sundlaug - tjaldstæði – gisting  
Veiðileyfi í Langavatn og Kringluvatn  
Fjölbreyttar veitingar  
sími 464 3903  
www.heidarbaer.is  
Seljum Veiðikortið og Útilegukortið

hjálp samstarfsaðila á svæðinu hefur þetta verið mögulegt. Það hversu  
margt í okkar samfélagi er ólíkt því sem þetta unga fólk hefur alist  
upp við hefur verið því mikil áskorun til þess að takast á við. Fyrir  
þeirra hönd og okkar vil ég þakka öllum sem lagt hafa sitt að mörkum  
til þess að taka þeim opnum örmum, styðja og styrkja í því að læra að  
þekkja og skilja okkar samfélag og verða hluti af því. Öll upplifa þau  
sig í dag eiga rætur hingað, hafa eignast hér kunningja og vini til  
lífstíðar. Þau föru héðan reynslunni ríkari.

Ég er ekki síður þakklátur sjálfboðaliðunum sem hafa komið fyrir  
þeirra framlag. Þau gáfu af sér til okkar samfélags og auðguðu það  
með ferskum framandi vindum. Samfélag með þeim hefur bætt mig  
og efalaust fleiri sem þá um leið hlýtur að bæta það samfélag sem ég  
bý. Og þá er tilganginum náð því þátttaka Lífsmótunar í EUF er ekki  
einvörðungu sá að skapa því unga fólki sem kemur hingað tækifæri til  
að þroskast og læra heldur einnig að okkar eigið nærsamfélag læri af  
því. Að ég og þú og allir hinir verði mótaðir af lífinu til betra lífs.  
Sjálfboðaliðaverkefninu „Chance to change“ er lokið. Við þökkum  
þeim Christina Krapf og Maximilian Keiler fyrir þeirra framlag til  
verkefnisins. Öllum formlegum og óformlegum þátttakendum  
þökkum við, fyrir okkar hönd og sjálfboðaliðanna, fyrir að leggja sitt  
að mörkum til þess að vel tókst til. Um miðjan ágúst hefst síðan næsta  
verkefni, „Change and be the change“ og hlökkum við til að fá  
tækifæri til þess að kynna og kynna fyrir ykkur sjálfboðaliðann í  
verkefninu, Maria Bischof. Verkefnin eru styrkt af EUF (sjá euf.is).

Fyrir hönd Lífsmótunar,

Aðalsteinn Már Þorsteinsson, Hjalla

Kæru sveitungar.

Sérhver einstaklingur tilheyrir hinum ýmsu samfélögum manna og samfélagshópum. Við verðum oft svo nánin sumum af þessum hópum að við notum þá til að skilgreina það hver við erum. Þannig erum við af einhverju þjóðerni, búum í ákveðnu landi eða landshluta, ólumst upp í ákveðinni sveit eða bæjarfélagi, tilheyrum ákveðnu kyni, íþróttafélagi, trúarhópi, stjórn málaflakki eða minnihlutahópi. Oft verða sumir svo nánir einhverju ákveðnu samfélagi að vart má á milli greina hvar einstaklingnum sleppir og samfélagið tekur við.

Af þessu má leiða að ekkert samfélag er betra eða verra en þeir einstaklingar sem það búa og það mótast þá sem fæðast (eða flytjast) nýir inn í samfélagið. Á sama tíma mótast sérhver einstaklingur með sínu hátterni sitt nánasta umhverfi. Þannig hefur hver einstaklingur tækifæri til þess að breyta samfélaginu. Í þessu felast tækifæri mannsins um leið og hans ábyrgð liggur þarna.

Með öðrum orðum, og ef til vill á einfaldari hátt, mætti segja að það líf sem við lifum móti okkur á sama tíma og hver maður búi yfir tækifærum til þess að móta sér það líf sem hann vill lifa. Það er ekki hvað síst vísun til þeirrar vonar til endurreisnar og betri vega sem felast í þessum tækifærum sérhvers einstakling til breytinga sem við hjónin völdum nafnið á það starf sem við stofnuðum ásamt fleiri vinum okkar í þeim tilgangi að halda utan um það sem við viljum gera til betra samfélags, Lífsmótun.

Ein af stoðunum í starfi Lífsmótunar síðustu árin hefur verið að bjóða ungu fólki frá öðrum Evrópulöndum að dvelja veturlangt í okkar fámenna íslenska sveitasamfélagi. Með þátttöku Lífsmótunar í Ungmennaáætlun Evrópusambandsins (sem Ísland er aðliði að fyrir tilstuðlan EES samningsins), Evrópu unga fólksins (EUF), og með

## *Sumartónleikar við Mývatn.*

20. júlí laugardagur  
Reykjahlíðarkirkja, kl. 21.00

21. júlí, sunnudagur  
Skútustaðakirkja, kl. 21.00

Flytjendur:

Helena Guðlaug Bjarnadóttir, sópran, Una Björg Hjartardóttir, flauta, Sigrún Magna Þórsteinsdóttir, orgel

Á efnisskrá eru glæsilegar aríur fyrir sópran, flautu og orgel eftir G.F. Händel, kirkjulög eftir Sigurð Þórðarson og Sigurð Bragason auk flautu- og orgelverka.

Tónlistarkonurnar eru allar búsettar á Akureyri og taka virkan þátt í tónlistarlífi Norðlendinga. Helena syngur í m.a. í Kammerkórnum Hymnodía auk þess að kenna við Tónlistarskólann, Una Björg er kennari við Tónlistarskólann og leikur með Sinfóníuhljómsveit Norðurlands og Sigrún Magna er organisti við Akureyrarkirkju og Möðruvallakirkju auk þess að kenna tónlist og stjórna kórum. Hún er einnig framkvæmdastjóri Sumartónleika í Akureyrarkirkju.

Tónleikarnir í Skútustaðakirkju eru í samstarfi við sóknarnefnd kirkjunnar í tilefni af 150 ára afmæli kirkjunnar. Í lok tónleikanna flytur sóknarprestur stutta kvöldbæn.

Verið velkomin á tónleika helgarinnar.

Aðgangur ókeypis.



## DALAKOFINN

Nú stendur yfir myndlistasýning Kára Sigurðssonar í Dalakofanum og eru myndirnar allar til sölu. Við hvetjum alla til að líta við og skoða fallegar myndir.

Mínum á opnunartíma okkar, **9 – 22** alla daga. Grillið heitt og pizzaofninn klár til að baka okkar einstöku pizzur allan daginn. Erum með mikið úrval af góðum réttum á matseðli auk eftirréttarmatseðils með ýmsu góðgæti.

Verslunin er full af nauðsynjum, úrval af grillkjöti, nýjar Hornafjarðarkartöflur, kex, ávextir, grænmeti og fleira.

Verið ávallt velkomin,  
**Dalakofinn / Útibú ehf.**

## Ættjarðarguðspjónusta í Þorgeirskirkju



Það má með sanni segja að það örli á ættjarðarstolti í hjörtum landsmanna ekki síst þegar landið okkar kemur undan snjó. Það má vel lofa Guð fyrir land og mið. Ættjörðin hefur verið andagift stórskálda um aldir, kveðskapur hefur orðið til sem aldrei deyr. Þess vegna er ráð að halda ættjarðarguðspjónustu í Þorgeirskirkju við Ljósavatn 21. júlí kl. 20.30, þar sem ættjarðarlög verða í öndvegi, leikin af Hjalta Jónssyni músíkant og við fáum tækifæri til að taka undir lofsönginn. Prestur er sr. Bolli Pétur Bollason. Verið öll hjartanlega velkomin!

28.tbl.  
18. júlí  
2013  
20. ág.

## Hlaupastelpan

hlaupastelpan@isl.is,s:4643366/gsm:8953386



## Kvikmyndahátíðin **RÆMAN**

verður haldin að Laugum í kvikmyndahúsi Þróttó þann 20. júlí næstkomandi.

Glæsileg dagskrá verður sem hér segir:

11:00 – Grunnskólasýningar Miðnætursnarl – Mynd eftir 9. og 10. bekk í Stórutjarnarskóla 2008  
Stuttmyndir eftir nemendur í 8. – 10. bekk Þingeyjarskóla 2013

Hlé

12:30 – Mannlíf í Reykjadal 1992 (þáttur úr smiðju Rúv)

13:30 – Krafla (þáttur um uppbyggingu Kröfluvirkjunar úr smiðju Rúv)

14:30 – Hvellur (heimildamynd)

Hlé

16:00 – Istigheit – Arnþór Þórsteinsson og Dagur Ólafsson  
Takk fyrir mig – Kristín Lea Sigríðardóttir og Anna Hafþórsdóttir

16:50 – Strengir – Nína Salvarar og Albert Halldórsson  
Bókin – Ásgrímur Guðnason

Hlé

19:00 Engin Traffík – Ottó Gunnarsson

Gunna – Óli Jón Gunnarsson

20:00 Flökkusál – Anna Sæunn Ólafsdóttir

Eitt lag enn – Karl Pálsson

Endilega komið og njótið með okkur. Aðgangur er ókeypis. Tökum við fólki á meðan húsrúm leyfir. Fólk kemur og fer eins og það vill á hvaða tímum sem það vill. Hressing verður til sölu en enginn posi.

Finnið okkur á Facebook [www.facebook.com/RaemanKvikmyndahatid](http://www.facebook.com/RaemanKvikmyndahatid)

**BÍÓKVEÐJUR RÆMAN**